

Ísafjarðarbær
b.t. Gylfi Ólafsson, formanns bæjarráðs
Hafnarstræti 1
400 Ísafirði

Afrit:
Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri
Hafnarstræti 1
400 Ísafirði

Sent rafrænt á: Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari (bryndis@isafjordur.is)

Reykjavík, 19. nóvember 2024

Efni: Umsókn um lóðir fyrir kláf upp á Eyrarfjall

Vísað er til fyrri samskipta Eyrarkláfs ehf., kt. 580707-1490, Hlíðarvegi 4, 400 Ísafirði („Eyrarkláfur“ eða „félagið“) við Ísafjarðarbæ vegna áforma um að setja kláf upp á Eyrarfjall.

Eins og sveitarféluginu er kunnugt hafa hugmyndir um kláf upp á Eyrarfjall verið í skoðun og umræðu síðustu ár. Málið kom m.a. til skoðunar hjá bænum árið 2020. Á fundi bæjarstjórnar 2. apríl 2020, nr. 454, var samþykkt að heimila Eyrarkláfi að hefja skipulagsvinnu vegna framkvæmda í samræmi við tillögu skipulags- og mannvirkjanefndar frá 25. mars sama ár. Í kjölfarið var gerð viljayfirlýsing, dags. 24. apríl 2021, þar sem áformin eru sögð jákvæð fyrir bæjarfélagið og að kláfurinn ásamt veitingastað geti aukið aðsókn ferðamanna í bæjarféluginu. Þá er þar nánar vikið að leyfismálum í tengslum við framkvæmdina og skipulagsmálum.

Í fyrrnefndri viljayfirlýsingu var bent á að tilkynna þyrfti Skipulagsstofnun um framkvæmdirnar. Í samræmi við það liggur fyrir álit stofnunarinnar, dags. 21. júní 2021, um að slík framkvæmd sé háð umhverfismati. Sú niðurstaða var staðfest af úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála 28. desember 2021 í máli nr. 107/2021.

Undanfarna mánuði hefur verið unnið frekar að fyrrnefndum áformum og undirbúnungi verkefnisins og stendur vinna nú yfir við umhverfismat í samstarfi við Rorum ehf. og vinna við tillögur til breytinga á aðal- og deiliskipulagi með Eflu á Ísafirði. Tilgangur framkvæmdanna er að gera íbúum og ferðamönnum kleift að njóta útsýnis frá toppi Eyrarfjalls og þróa svæðið sem útvistar- og afþreyingarsvæði.

Áform framkvæmdaraðila byggjast í fyrsta áfanga á því að koma upp kláfi þar sem byrjunarstöð verður í þéttbýlinu á Ísafirði, neðan Eyrarfjalls, með einu millimastri á Gleidðarhjalla í hlíðum fjallsins og endastöð upp á fjallinu. Jafnframt er gert ráð fyrir gerð bílastæða og breytingar á aðkomuvegi að byrjunarstöðinni sem og byggingu veitingastaðar, göngustíga og útsýnispalla uppi á Eyrarfjalli í tengslum við endastöðina. Í öðrum áfanga er fyrirhugað að byggja þar einnig sjálfbærar gistiiningar eða hótél.

Með vísan til framangreinds sækir Eyrarkláfur hér með um vilyrði fyrir nýtingu þess landsvæðis í Ísafjarðarbæ á þeim svæðum verkefnið þarfnað (sjá viðmiðunarsvæði í **Fylgiskjali 1 - Afstöðumynd**) og að gengið verði til samninga á milli aðila þar sem nánar verði mælt fyrir um einstaka þætti verkefnisins, sbr. 6. gr. reglna Ísafjarðarbæjar um úthlutun á lóðum fyrir íbúðar-, sumarhúsa- og atvinnuhúsnæði sem samþykktar voru 17. nóvember 2022.

ks.